

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um fyrirspurnir í Heilsuveru.

Frá Rögnu Sigurðardóttur.

- Hver voru helstu markmið sem sett voru fram við undirbúning og innleiðingu fyrirspurnakerfis Heilsuveru? Telur ráðherra að þeim markmiðum hafi verið náð?
- Voru fyrirmyndir að sambærilegum verkefnum hafðar til hliðsjónar við innleiðingu Heilsuveru? Ef svo er, hverjar?
- Voru viðmið eða markmið um æskilegan tíma sem færi í samskipti í Heilsuveru sett fram við undirbúning fyrirspurnakerfis Heilsuveru?
- Hversu margar fyrirspurnir hafa borist læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki í Heilsuveru, sundurliðað eftir árum, frá því að opnað var fyrir beinar fyrirspurnir til heilbrigðisstarfsfólks? Óskað er eftir samantekt á þeim tíma sem læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk hefur varið í að svara fyrirspurnum í Heilsuveru.
- Hefur fylgt fjármagn til heilbrigðisstofnana til samræmis við þá auknu vinnu sem svörun fyrirspurna í Heilsuveru kann að hafa í för með sér?

Skriflegt svar óskast.